

Prima

WHO WILL CHANGE THE FUTURE?

018

MY DIR

ma

FANTASTIC BEASTS

THE CRIMES OF GRINDELWALD



-Finndu mýktina í Milka-



Milka

Fyrir mjúku hliðina...



Disney
**RALF
RÚSTAR
INTERNETINU**

FRUMSÝND 30. NÓVEMBER

SAMÁÐAN
ÉGILSHÖLL

KRINGLUNNI
BÍÓ

LAUGARÁS
BÍÓ

SMÁRA
BÍÓ

AKUREYRI
BÍÓ

KEFLAVÍK
BÍÓ

ÁLFABAKKA
BÍÓ

Ellefti mánuðurinn

Nóvember er runninn upp og eins og venjulega kennir margra grasa í biódagskrá kvikmyndahúsanna eins og sjá má þegar rennt er yfir listann hér fyrir neðan og blaðinu er flett áfram. Spennu-, grín-, ævintýra- og teiknimyndir eru á dagskránni auk hinnar hrollköldu myndar *Overlord*, sannsögulegu myndarinnar *Bohemian Rhapsody* sem fjallar um hljómsveitina Queen og Freddie Mercury og *Rocky*-myndarinnar *Creed II*. Sennilega bíða samt hlutfallslega flestir eftir ævintýramyndinni *Fantastic Beasts: The Crimes of Grindelwald*, þar sem Newt Scamander og félagar halda áfram að berjast við illar vættir af öllum gerðum ...

Nóvemberdagskrá bíóhúsanna:

2. nóv.	Bohemian Rhapsody	Bls. 18
2. nóv.	The Nutcracker and the Four Realms	Bls. 20
9. nóv.	Overlord	Bls. 21
9. nóv.	The Girl in the Spider's Web	Bls. 22
9. nóv.	Grinch	Bls. 24
16. nóv.	Fantastic Beasts: The Crimes of ...	Bls. 26
23. nóv.	Widows	Bls. 28
30. nóv.	Creed 2	Bls. 29
30. nóv.	The Old Man and the Gun	Bls. 30
30. nóv.	Ralf rústar Internetinu	Bls. 31

Eins og alltaf hvetjum við lesendur til að kíkja einnig á BluRay, DVD- og VOD-útgáfuna sem finna má hinum megin í blaðinu auk kynningar á nokkrum nýjum tölvuleikjum.

- Góða skemmtun!

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá loftbelginn og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna lítinn loftbelg sem flaug inn á eina síðuna hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þessi: 🍷

Ef þú finnur loftbelginn og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á [facebook.com/myndirmanadarins](https://www.facebook.com/myndirmanadarins) og senda okkur rétta svarið með skilaboðum, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem loftbelgurinn er. Mundu að hafa fullt heimilisfang með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með 23. nóvember. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum eftir það og verða nöfn vinningshafa síðan birt á Facebook-síðunni okkar og í næsta tölublaði.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu bróskallinn:

Sigurbjörg Linda Reynisdóttir, Furugrund 46, 200 Kópavogi
Margrét Hlín, Bugðulæk 13, 105 Reykjavík
Kjartan Davíðsson, Laxatungu 15, 270 Mosfellsbæ
Hólmfríður Sýlvía Traustadóttir, Þrastarhöfða 21, 270 M.fellsbæ
Pétur Ágúst Berthelsen, Fagurhól 3, 245 Sandgerði

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

298. töl. nóvember 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is


Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkörk: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök





TVENNUNU TILBOÐ

TVÖFÖLD
GLEÐI!

Þú sækir pizzu og stóran skammt
af brauðstöngum og færð
aðra pizzu sömu stærðar að auki.





Það getur verið gaman að setjast niður ásamt vinum og rifja upp liðna tíma og það er einmitt það sem þeir John Goodman, Jeff Bridges og Steve Buscemi gerðu á dögunum ásamt blaðamanninum Harry Smith. Umræðuefnið var að sjálfsgöðu myndin *The Big Lebowski* eftir Coen-bræður en hún á tuttugu ára afmæli um þessar mundir og er af mörgum talin einhver besta mynd sem gerð hefur verið. Þar léku þeir John, Jeff og Steve hinar eftirminnilegu persónur Walter, The Dude og Donny og höfðu greinlega mjög gaman af að rifja upp gerð myndarinnar, allt frá því þeir lásu handritið fyrst. Þessa endurfundi má m.a. finna á YouTube og hvetjum við alla aðdáendur *The Big Lebowski* til að hlusta á upprifjun þeirra félaga sem er bæði skemmtileg og fróðleg.



Hér má sjá þau Jude Law og Blake Lively í hlutverkum sínum í myndinni *The Rhythm Section* eftir Reed Morano en hún er ein af fjölmörgum áhugaverðum myndum sem væntanlegar eru í kvikmyndahús á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. Myndin er gerð eftir samnefndri metsölbók Marks Burnell sem einnig skrifar handritið og segir frá Stephanie Patrick sem verður fyrir gríðarlegu áfalli þegar öll fjölskylda hennar ferst í flugslysi. Gjörsamlega niðurbrotin fyllist Stephanie sjálfseyðingarhvöt sem er næstum því búin að gera út af við hana þegar hún kemst að því að hrap flugvélarinnar var ekki slys eins og talið hafði verið heldur hryðjuverk. Þar með öðlast hún nýjan tilgang í lífinu: Að finna þá sem eru ábyrgir fyrir dauða fjölskyldu hennar og láta þá gjalda fyrir það.



Queen-myndin *Bohemian Rhapsody* var frumsýnd í London 23. október og að sjálfsgöðu mættu þeir Brian May og Roger Taylor á svæðið ásamt aðalleikara myndarinnar Ramy Malek sem leikur söngvarann, píanóleikarann og laga- og textahöfundinn Freddie Mercury. Er skemmst frá því að segja að myndin hefur hlotið frábærar móttökur Queen-aðdáenda og er þegar þetta er skrifað komin með 8,4 í einkunn á IMDb.com frá tæplega 3.000 notendum. Sér í lagi þykir Ramy fara á algjörum kostum í hlutverki Freddie og er mjög líklegur til að sópa að sér verðlaunum fyrir það á komandi verðlaunahátíðum.



Tökur á nýjstu mynd Óskarsverðlaunahafans Toms Hooper (*The King's Speech*, *Les Misérables*, *The Danish Girl*) eru nú að hefjast eða eru jafnvel komnar í gang, en um er að ræða söngleikinn *Cats* eftir Andrew Lloyd Webber sem aftur var byggður á ljóðasafni T.S. Eliot, *Old Possum's Books of Practical Cats*. Myndin, sem til stendur að frumsýna í desember á næsta ári, mun m.a. skarta í helstu hlutverkum þeim Taylor Swift, Jennifer Hudson, Idris Elba, Judi Dench, Ian McKellen og James Corden. Samkvæmt orðróminum er samt ekki um beina uppfærslu söngleiksins að ræða heldur nýja útgáfu á sögunni sem á eftir að koma á óvart.



Eftir að hafa á undanföllum tíu árum gert myndir eins og *The Man from U.N.C.L.E.*, *King Arthur: Legend of the Sword* og tvær *Sherlock Holmes*-myndir auk Disney-myndarinnar *Aladdin* sem frumsýnd verður í maí ætla leikstjórinn Guy Ritchie að snúa aftur í ræturnar og gera mynd í anda sinna fyrstu mynda, *Lock, Stock and Two Smoking Barrels* og *Snatch*, sem frumsýndar voru 1998 og 2000. Myndin nefnist *Toff Guys* og hefur Guy, sem bæði framleiðir og skrifar handritið og söguna, þegar ráðið leikara í þrjú stærstu hlutverkin, þau Matthew McConaughey, Kate Beckinsale og Henry Golding. Eins og gefur að skilja hefur lítið frést af söguþræði *Toff Guys*, en þó það að hún fjalli um eiturlyfjakóng í London sem hefur hug á að hætta í bransanum og reynir að fá auðuga aðila í Bandaríkjunum til að kaupa af sér reksturinn. Atburðarásin verður svo væntanlega full af óvæntum fléttum og uppákomum. Talsvert er samt í þessa mynd því fyrst þarf Guy að uppfylla samning um að gera þriðju *Sherlock Holmes*-myndina.

VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI




HRÖKKBRAUÐIÐ OKKAR



Njótið góðra stunda
með fjölkorna súrdeigs
hrökkbrauði frá Wasa.






Escape Room heitir vægast sagt áhugaverður tryllir sem frumsýndur verður í kvikmyndahúsum annað hvort í janúar eða febrúar og er eftir leikstjórnann Adam Robitel sem gerði m.a. myndina *The Taking of Deborah Logan* árið 2014. Myndin segir frá sex ungmönnum sem þekkjast ekkert innbyrðis en fá öll sendan dularfullan pakka sem reynist innihalda áskorun um að mæta á ákveðinn stað og taka þar þátt í þrautakeppni þar sem milljón dollarar eru í boði fyrir sigurvegarann. Ungmennin sex freistast til að mæta á staðinn og komast ekki að því fyrr en það er orðið of seint að þar með hafa þau gengið í sannkallaða dauðagildru. Fyrsta stiklan úr myndinni var frumsýnd fyrir skömmu og hvetjum við alla til að kíkja á hana, enda mjög góð.



Þegar einar dyr lokast opnast aðrar segir máltækið og það má til sanns vegar færa í tilfelli Óskarsverðlauna-leikstjórnans Dannys Boyle sem eftir að hafa hætt við að leikstýra næstu *James Bond*-mynd síðastliðið sumar gat þá snúið sér að krafti að gerð annarrar myndar og hafa tókur á henni staðið yfir að undanförmu í Los Angeles og á ýmsum stöðum í Englandi. Myndin hefur ekki hlotið heiti og við vitum ekki um hvað hún er en í aðalhlutverkum eru þær Lily James, Ana de Armas og Kate McKinnon auk þess sem sjálfur Ed Sheeran er ofarlega á lista yfir helstu karlleikarana. Hins vegar er nokkuð ljóst að um gamanmynd er að ræða enda er handritið eftir Richard Curtis sem skrifaði m.a. handrit myndanna *Notting Hill* og *Four Weddings and a Funeral* og bæði skrifaði og leikstýrði myndunum *Love Actually*, *The Boat That Rocked* og *About Time*. Reyndar herma sögusagnir að myndin muni heita *All You Need is Love* og snúast í kringum tónlist Bitlanna og fengu þær sögusagnir óneitanlega byr undir báða vængi þegar Danny Boyle mætti ásamt tókuliði á hina frægu götu Penny Lane í Liverpool á dögnum til að taka upp a.m.k. eitt atriði myndarinnar, en innfellda ljósmyndin hér fyrir ofan var einmitt tekin við það tækifæri. Þess ber að geta að til stendur að frumsýna myndina næsta sumar, sennilega í júlí.



Þetta eru þau Jamie Lee Curtis, Chris Evans, Daniel Craig, Ana de Armas, Michael Shannon og Don Johnson sem leika munu aðalhlutverkin í nýjstu mynd leikstjórnans og handritshöfundarins Rians Johnson, *Knives Out*, sem til stendur að hefja tókur á í lok nóvember. Við vitum ekki hver söguþráðurinn er en hermt er að þetta sé „nú tíma morðgáta í sígildum hver-er-morðinginn“-stíl og segir sagan að Daniel Craig leiki einhvers konar samtíma Hercule Poirot-lögreglumann sem fær það verkefni að leysa gátuna. Rian, sem gerði m.a. myndirnar *The Brothers Bloom*, *Star Wars: The Last Jedi* og *Looper* er ekki óvanur dularfullum gátum því fyrsta mynd hans, *Brick* (2005), var einmitt um ungann mann sem ákvað að rannsaka vægast sagt dularfullt hvarf fyrrverandi unnu sinnar og lenti heldur betur í hremmingum í þeirri rannsókn. *Brick* fékk frábæra dóma á sínum tíma og fjölmörg verðlaun og eru aðdáendur Rians vongóðir um að það sama verði uppi á teningnum með *Knives Out*. Frumsýningardagur er að sjálfsögðu óákveðinn en myndin verður tæplega tilbúin fyrr en eitthvað er liðið á árið 2020.



Þeir Seth Rogen, Michael Keaton og Johnny Depp munu leika aðalhlutverkin í væntanlegri mynd leikstjórnanna Glens Ficara og Johns Requa (*Crazy, Stupid Love*, *Whiskey Tango Foxtrot*, *I Love You Phillip Morris*) sem nefnist *King of the Jungle*. Hún fjallar um forritarann John McAfee sem skrifaði samnefnt vírusvarnarforrit, stofnaði fyrirtækið McAfee Associates og byggði upp mikið viðskiptaveldi í kringum það á árunum 1987 til 1994. Þá seldi hann sinn hlut í fyrirtækinu og flutti til Mið-Ameríkukíkisins Belize þar sem hann bjó um sig í borginni Orange Walk Town. Þar átti hann síðan eftir að lenda í miklum vandræðum, m.a. þeim að vera grunaður um að hafa myrt, eða látið myrða, nágretta sinn, Gregory Viant Faull, sem fannst látinn við hús sitt 11. nóvember 2012. Þetta leiddi til þess að John flúði frá Belize til nágrennaríkisins Guatemala þar sem hann óskaði eftir hæli. Því var hafnað og þar sem John hafði komið inn í landið ólöglega var ákveðið að senda hann aftur til Belize. Þá ákvað John að grípa til sannkallaðra örþrifaráða sem við förum ekki nánar út í hver voru hér. Hermt er að þessari sögu Johns verði gerð skil á gamansaman hátt í myndinni en handritið er byggt á greininni *John McAfee's Last Stand* sem blaðamaðurinn Joshua Davis skrifaði og birti á vefritinu *Wired.com* þar sem hún er enn aðgengileg.

BBQ BACON TOWER BORGARI

"it's finger lickin' good"

1.299 kr.

Original kjúklingabringa böðuð í unaðslegri BBQ sósu, ostur, beikon, kartöfluskífa, iceberg salat og léttmajónes.



1.999 kr.

BBQ Bacon Tower borgari,
3 Hot Wings, franskar,
gos og bleikar Appoloreimar.





„That’s a wrap on MIB for me“ skrifaði Chris Hemsworth með þessari sjálfu sem hann tók og birti á Instagram-reikningi sínum 18. október í tilefni af því að tókum á þeim atriðum nýju *Men in Black*-myndarinnar sem hann leikur í var lokið. Með honum á myndinni er leikstjórinn F. Gary Gray og Tessa Thompson sem leikur aðalhlutverkið á móti honum, Agent M. Sjálfur leikur Chris Agent H, en eins og flestir vita felst háleynilegt starf þeirra M og H í að fylgjast með öllum þeim aragrúa geimvera sem búa á Jörðinni án þess að hinn almenni borgari hafi hugmynd um tilvist þeirra. Við og við hefur það gerst að þessar geimverur geri af sér einhvern óskunda og þá er það þeirra M og H að grípa inn í og bæta skaðann, eða jafnvel eyða viðkomandi geimverum láti þær ekki segjast. Annars vitum við lítið sem ekkert um söguþráð myndarinnar og verðum því í bili að láta okkur nægja umsögn Chris sem skrifaði einnig við sjálfuna „... cheers for the fun times, big laughs and solid memories. Can’t wait to show what we’ve put together.“ Við getum varla beðið heldur en myndina á að frumsýna 14. júní 2019.



Þarna sjáum við leikstjórann Tim Burton brosa breitt við gerð sinnar nýjustu myndar, *Dumbo*, en hún sækir efnið í samnefnda fjórðu teiknimynd Walt Disney sem var frumsýnd árið 1941 og var aftur byggð á bók Helenar Aberson og Harolds Pear. Myndin er um leið enn ein myndin sem byggð er á eldri teiknimyndum Disney þar sem leiknum atriðum og tölvuteiknuðum er blandað saman og í helstu hlutverkum eru þau Eva Green, Colin Farrell, Michael Keaton, Danny DeVito, Alan Arkin, Nico Parker og Finley Hobbins.



Sagan gerist að mestu í fjölleikahúsi sem má muna sinn fifil feegurri enda hefur áhorfendum snarfækkað að undanfögnu, sirkusstjóranum Max Medici til mikillar mæðu. Þá fæðist litill fill inn í sirkusfjölskylduna sem í fyrstu er talin vanskapaður því hann hefur miklu stærri eyru en aðrir filar. Fljótlega kemur þó í ljós að Dumbo, eins og litli fillinn er nefndur, er enginn venjulegur fill að öðru leyti og að þessum stóru eyrum hans fylgja þau undur að hann getur flogið. Þetta leiðir til þess að vinsældir fjölleikahússins snaraukast en um leið kallar Dumbo á athygli skuggalegra manna sem vilja gjarnan eignast hann, sjálfum sér til hagsbóta. *Dumbo* er á dagskrá kvikmyndahúsanna í mars 2019.



Melissa McCarthy, sem hingað til hefur aðallega leikið í léttum gamanmyndum og försum eins og flestir vita, snýr blaðinu hressilega við í sinni nýjustu mynd, *Can You Ever Forgive Me*, sem var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto og hefur fengið frábæra dóma. Sér í lagi þykir Melissa góð í aðalhlutverkinu, svo góð reyndar að hún er þegar þetta er skrifað komin á topp 10-listann yfir þær leikkonur sem líklegastar þykja til að fá tilnefningu til Óskarsverðlauna á næsta ári fyrir besta leik í aðalhlutverki. Myndin segir sanna sögu rithöfundarins Lee Israel (1939–2014) sem eftir að hafa átt ágætari feril sem ævisagnahöfundur féll í ónáð eftir að bók hennar um snyrtivörufrumkvöðulinn Estée Lauder fékk hroðalega dóma og var auk þess gefin út í andstöðu við Estée. Slypp og snauð brá Lee á það ráð að afla tekna með því að falska alls konar bréf frá þekktum rithöfundum og selja til safnara, en í allt er talið að hún hafi falsað og selt um 400 slík bréf áður en upp um hana komst. Á meðfylgjandi mynd, sem var tekin á kvikmyndahátíðinni í Toronto, má sjá þau Melissu, leikstjóra myndarinnar, Marielle Heller, og Richard Grant sem leikur aðalhlutverkið í myndinni, en hún fer ekki í almenna kvikmyndahúsadreifingu í Evrópu fyrr en eftir áramót.



Fjórða *Toy Story*-myndin er væntanleg í kvikmyndahúsin í sumar, nánar tiltekið 21. júní. Um leið er þetta 21. myndin frá Pixar, en fyrsta Pixar-myndin sem var frumsýnd árið 1995 var einmitt fyrsta *Toy Story*-myndin sem sló í gegn um allan heim. Ekki hefur verið gefið mikið upp um söguþráðinn í nýju myndinni annað en að þeir félagar Viddi og Bósi ljósár leggja upp í langferð til að finna brúðuna Bo Peep sem Viddi ann hugástum en hefur nú af einhverjum ástæðum orðið viðskila við hin leikföngin og týnst. Öruggt má telja að í þeirri ferð lendi þeir Viddi og Bósi í ýmsum spennandi ævintýrum eins og þeirra er von og vísa.

Nánast allir þeir sömu og töluðu fyrir persónurnar í enskri talsetningu fyrri myndanna mæta hér aftur til leiks, þar á meðal Tom Hanks sem Viddi og Tim Allen sem Bósi ljósár en leikstjóri í þetta sinn er Josh Cooley. Aðalhöfundar sögunnar eru hins vegar þeir Andrew Stanton og John Lasseter sem skrifuðu einnig handrit tveggja fyrstu *Toy Story*-myndanna og hafa komið að mörgum öðrum Pixar-myndum.



Gott ráð við kvefi og kinnholubólgu




Otrivin Menthol nefúði, lausn. Inniheldur xylómetazólínhydróklóríð. Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Otrivin Menthol 1 mg/ml er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



Christian Bale þykir sanna það enn og aftur í myndinni *Vice* að hann er einn af bestu leikurum allra tíma, en í myndinni bregður hann sér í hlutverk fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, Dicks Cheney, og þykir gera það af þvilkri snilld að hann rauk beint inn á topp 5-listann hjá þeim sem spá fyrir um þá og þær sem hljóta munu tilnefningar til Óskarsverðlaunanna fyrir aðalhlutverk á næsta ári. Myndin, sem er eftir leikstjórnann, handritshöfundinn og Óskarsverðlaunahafann Adam Kckay (*The Big Short*, *The Other Guys*, *Step Brothers*) er reyndar sögð ein besta mynd ársins en hún verður ekki frumsýnd fyrr en í lok desember í Bandaríkjunum og fer ekki í almenna dreifingu annars staðar fyrr en í janúar. Með helstu hlutverk önnur fara þau Amy Adams sem leikur eiginkonu Dicks, Lynne, Sam Rockwell sem leikur George W. Bush, Steve Carell sem leikur Donald Rumsfeld og Jesse Plemons, en það er ekki gefið upp af einhverjum ástæðum í hvaða hlutverki hann er. Við hvetjum alla til að kíkja á stíkluna úr *Vice* sem er vel þess virði að sjá.

Enn ein ef þeim myndum sem taldar eru líklegar til afreka á væntanlegum verðlaunahátíðum er *On the Basis of Sex* eftir leikstjórnann Mimi Leder sem gerði síðast myndina *Thick as Thieves* og þar á undan *Pay It Forward*. Myndin er gerð eftir handriti Daniels Stiepleman og segir sögu lögfræðingsins, háskólaþröfessorsins og baráttukonunnar Ruthar Bader Ginsburg sem stóð m.a. að stofnun ýmissa samtaka í Bandaríkjunum á áttunda áratug síðustu aldar sem höfðu það að markmiði að jafna launamun karla og kvenna fyrir sams konar störf og eyða öllum lögum sem byggðu á og mismunuðu fólk eftir kynferði þeirra. Þann 10. ágúst árið 1993 varð hún síðan önnur konan í sögunni til að vera skipuð hæstaréttardómari í Bandaríkjunum, en í því embætti situr hún enn í dag. Það er Felicity Jones sem leikur Ruth og er hún nú fyrir vikið ein af þeim fimm leikkonum sem líklegastar þykja til að fá tilnefningu til Óskarsverðlauna á næsta ári. Með önnur stór hlutverk í myndinni fara m.a. þau Armie Hammer, Kathy Bates og Sam Waterston.



Þessi ljósmynd af leikkonunum Rachel Weisz, Oliviu Colman og Emmu Stone var tekin við upphaf kvikmyndahátíðarinnar í London 10. október, en þar voru þær mættar til að vera viðstaddir hátíðarsýningu á nýjstu mynd gríska leikstjórnans Yorgos Lanthimos, *The Favorite*. Myndin, sem er þriðja myndin sem Yorgos gerir á ensku á eftir *The Lobster* og *The Killing of a Sacred Deer* hefur fengið frábæra dóma en hún er jafnframt fyrsta myndin sem hann gerir eftir handriti annars en sjálfs síns. *The Favorite* byggir að hluta til á sannri sögu og gerist í kringum árið 1710 við hirð hinnar heilsulausu Önnu Bretadrottningar þar sem tvær konur, Sarah Churchill og Abigail Masham, lenda í harðri innbyrðis baráttu um hylli drottningarinnar, henni sjálfri (og áhorfendum) til talsverðrar skemmtunar. Þær Rachel, Emma og Olivia þykja fara á algjörum kostum í aðalhlutverkunum og er sú síðastnefnda komin á topplistan yfir þær fimm leikkonur sem taldar eru líklegastar til að hljóta tilnefningu til Óskarsverðlauna, en hún leikur Önnu drottningu.

The Kid Who Would Be King er nafnið á unglinga- og ævintýramynd eftir enska leikstjórnann Joe Cornish sem sendi síðast frá sér hina þrælgóðu mynd *Attack the Block*. Myndin segir frá hinum tólf ára Alex (Louis Ashbourne Serkis, sonur Andys Serkis) sem fyrir tilviljun finnur sverð Artúrs konungs, Excalibur. Um leið leysir hann úr læðingi myrk öfl fyrri alda sem hlýða skipunum seiðkonunnar grimmu, Morgönu (Rebecca Ferguson), sem nú hefur fengið aðgang að okkar tímum og ætla ekki að láta það tækifæri sér úr greipum ganga. Ef ekki á illa að fara fyrir mannkyninu neyðist Alex nú til að safna liði skólafélaga sinna og berjast við Morgönu og ófrýnilegan her hennar, en í þeirri baráttu fær hann óvæntan stuðning frá galdrakarlinum Merlin (Patrick Stewart) til að verða sú hetja sem hann dreymdi aldrei um að hann gæti orðið. *The Kid Who Would Be King* er á dagskrá kvikmyndahúsanna í febrúar og þykir líkleg til að slá í gegn á meðal ævintýraunnenda. Kíkið á skemmtilega stíkluna sem er nýkomin á Netið og lofar góðu.



Eini íslenski framleiðandinn sem framleiðir eingöngu úr íslensku grísakjöti

Veljum íslenskt

með skinkunni frá Stjörnugris



98% kjöt og ekkert viðbætt vatn. Hágæðavara unnið úr ferskum íslenskum grísalærvöðvum.



Reykt 98% kjöt og ekkert viðbætt vatn. Hágæðavara unnið úr ferskum íslenskum grísalærvöðvum.



80% kjöt, fíniskorin hágæðavara unnið úr ferskum íslenskum grísalærvöðvum.



80% kjöt, silki-skorin og reyktonuð hágæðavara unnið úr ferskum íslenskum grísalærvöðvum.

Allar skinkur frá Stjörnugris eru eingöngu unnar úr ferskum íslenskum grísalærvöðvum sem aldrei hafa verið frystir.

Þú finnur álegginn frá Stjörnugris í öllum betri matvöruverslunum um land allt.



www.svinvirkar.is



Hin sígilda saga um Hróa hött og félagar hans í Skírisskógi í Nottingham er hér uppfærð af leikstjóranum Otto Bathurst í fjörugan grínhasar sem á alla möguleika á að njóta mikilla vinsælda, a.m.k. ef mið er tekið af bráðskemmtilegum stiklunum úr henni.

Það er Taron Egerton sem nú bregður sér í hlutverk hins bogfíma Hróa sem eins og þeir vita sem þekkjá sögurnar rænir af þeim ríku til að gefa þeim fátæku. Erkióvinur hans er sem fyrr fógetinn í Nottingham sem í skjóli valda sinna skattþínir alþýðuna og rænir af þeim uppskerunni til þess að verða sem ríkastur sjálfur. Það er einmitt við því óréttlæti sem Hrói og félagar hans hafa brugðist og í þessari mynd kemur til átaka sem sögð eru eiga engan sinn líka. Í stærstu hlutverkunum fyrir utan Taron eru Jamie Foxx sem Litli-Jón, Jamie Dornan sem Vilhjálmur skarlat, Eve Hewson sem María og Ben Mendelsohn sem leikur fógetann. Væntanleg 7. desember.



Jamie Foxx leikur Litla-Jón og Taron Egerton leikur Hróa hött í þessari gamansömu hasarmynd um hetjurnar frá Skírisskógi.



The Sisters Brothers er blanda af vestra og kolsvartri kómedíu en hún gerist á tímum gullæðisins í Kaliforníu um miðja nítjándu öld. Þeir Joaquin Phoenix og John C. Reilly leika bræðurna Charlie og Eli Sisters sem hafa tekið að sér að elta uppi gulleitarmann að nafni Hermann Warm fyrir mann sem er alltaf kallaður „Commodore“ (Rutger Hauer), en hann segir að Hermann þessi hafi stolið af sér fé. Óhætt er að segja að ferð bræðranna og leit þeirra að Hermann verði þyrnum stráð enda kemur í ljós að það eru fleiri en þeir sem vilja hafa hendur í hári hans. Ekki bætir úr skák að Eli hefur miklar efasemdir um að Commodore hafi verið að segja satt og Charlie er sífellt að detta í það með tilheyrandi töfum og veseni.

Auk Joaquins og Johns leika þeir Jake Gyllenhaal og Riz Ahmed stærstu hlutverkin í myndinni, en þeir léku einnig tvö stærstu hlutverkin í hinni þrælgóðu mynd *Nightcrawler* hér um árið.



Joaquin Phoenix og John C. Reilly sem Sisters-bræðurnir Charlie og Eli sem hafa verið sendir til að drepa gulleitarmanninn Hermann Warm.



Mortal Engines er byggð á samnefndri og margverðlaunaðri bók breska rithöfundarins Philips Reeve, en hún kom út í íslenski þýðingu í sumar undir heitinu *Vítisvélar*. Þetta er mögnuð vísindaskáldsaga og framtíðarævintýri sem gerist þegar heilu borgirnar eru komnar á færanlegan grunn og ferðast um Jörðina í leit að orku til að knýja þær áfram. Til að fá þessa orku gleypa borgirnar aðrar minni borgir og bæi og verða um leið íbúum þeirra að fjörtjóni.

Hera Hilmarsdóttir, eða Hera Hilmar eins og hún kys að kalla sig, fer með hlutverk Hester Shaw sem á harma að hefna gegn einum aðalmanninum í borginni London, Thaddeus Valentine, eftir að hann hafði ráðist á heimabæ hennar, Salthook. Eftir misheppnaða tilraun til að drepa Thaddeus neyðist Hester til að flýja borgina og út í eyðimörkina þar sem hún gengur í lið með fólki sem er staðráðið í að komast inn í London á ný. En það er hægara sagt en gert.



Mortal Engines er magnað framtíðarævintýri þar sem heilu borgirnar ferðast um Jörðina í leit að smærri borgum til að gleypa.



Aquaman er mynd sem ofurhetjuaðdáendur hafa beðið eftir og um jólin er loksins komið að frumsýningu hennar. Hér er um upprunasögu að ræða þar sem fyrsti hluti myndarinnar fer í að sýna hvernig Arthur Curry kemst að því að hann er hinn eini sanni konungur hinar horfnu borgar Atlantis. Arthur er í fyrstu ekkert allt of hrifinn af þeirri ábyrgð sem því fylgir en getur ekki hlaupist undan merkjum þegar hættur steðja að úr öllum áttum sem ekki bara ógna Atlantis og íbúum sjávarins heldur og öllum heiminum. Þá kemur sér vel að hann býr að ögnarkröftum, getur stjórnað sjávarföllum, synt á hljóðhraða og talað við dýrin sem búa í hafinu.

Það er Jason Momoa sem leikur Arthur/Aquaman og með önnur stór hlutverk fara meðal annars þau Nicole Kidman, Amber Heard, Willem Dafoe, Patrick Wilson, Dolph Lundgren og Yahya Abdul-Mateen II, en leikstjóri er enginn annar en sjálfur James Wan.



Jason Momoa leikur hinn sterka og öfluga Arthur Curry, öðru nafni Aquaman, sem er konungur Atlantis og um leið alls lífs í sjónum.



Mary Poppins snýr aftur á hvíta tjaldið í desember, 54 árum eftir að samnefnd mynd sló í gegn um allan heim, en hún er fyrir löngu orðin eitt af sígildum meistaraverkum kvikmyndasögunnar. Í það skiptið var það Julie Andrews sem lék Mary en í þetta sinn er það Emily Blunt sem leikur þessa rammgöldróttu og snjöllu barnfóstru.

Myndin gerist um 25–30 árum eftir atburðina í fyrri myndinni og Banks-krakkarnir Michael og Jane eru sjálf orðin fullorðin. Michael býr enn í húsinu við Kirsuberjagötu og á nú þrjú börn á svipuðum aldri og hann og Ellen voru þegar Mary Poppins kom fyrst í heim-sókn. Þegar alvarlegur fjölskylduvandi steðjar að sem erfitt er að höndla birtist Mary Poppins á ný á heimilinu, staðráðin í að bjarga máluðum og alveg viss um að hún geti það. Með stór hlutverk fyrir utan Emily fer fjöldi þekktra leikara, þ. á m. Ben Whishaw, Colin Firth, Julie Walters, Meryl Streep, David Warner og Emily Mortimer.



Það er Emily Blunt sem hér fetar í fótspor Julie Andrews og leikur göldróttu barnfóstruna Mary Poppins sem hefur ráð undir rífi hverju.



Myndin *Bumblebee* er væntanleg í kvikmyndahúsin um jólin en hér er um svokallað „spin-off“ frá *Transformer*-myndum Michaels Bay að ræða þar sem upprunasögu eins af helstu karakterum þeirra, vélmennisins Bumblebees, eru gerð skil og gerist sagan áður en atburðarásin í *Transformer*-myndunum átti sér stað.

Um leið gæti þetta orðið fyrsta myndin í nýrri seríu þar sem uppruna allra vélmennanna verða gerð sams konar skil, en það fer væntanlega eftir gengi *Bumblebee* hvort af því verður. Ljóst er að efnistökin í henni verða öðruvísi en hjá Michael Bay en leikstjórinn, Travis Knight, sem hefur tvisvar verið tilnefndur til Óskarsverðlauna, gerði m.a. teiknimyndina frábæru, *Kubo and the Two Strings*, og var einn af aðalhöfundum myndanna *The Boxtrolls*, *ParaNorman* og *Coraline*. Fyrstu stíklurnar eru komnar á netið og lofa góðu og hvetjum við alla til að kynna sér þær.



Hin unga Charlie Watson (Hailee Steinfeld) verður heldur betur hissa þegar hún rekst á Bumblebee þar sem hann er í felum á ruslaugum.




**BRJÓTTU UPP DAGINN
MEÐ KITKAT**



Saga þeirra, saga hans

Breska hljómsveitin Queen var stofnuð árið 1970 og átti eftir að afla sér heimsfrægðar á næstu fimmtán árum með lögum sem eru fyrir löngu orðin sígild og allir þekkja. Í *Bohemian Rhapsody* er farið yfir feril sveitarinnar allt frá byrjun, með sérstakri áherslu á hlut píanóleikarans, laga- og textahöfundarins og eins besta söngvara allra tíma, Freddie Mercury, sem lést langt um aldur fram árið 1991, aðeins 45 ára að aldri.

Reyndar hefst sagan í myndinni skömmu áður en Queen var stofnuð, þ.e. þegar þeir Brian May og Roger Taylor voru í hljómsveitinni Smile. Freddie Mercury, sem þá var þegar orðinn þekktur á meðal tónlistarmanna í London (var t.d. vinur Davids Bowie frá því áður en hann var frægur), var aðdáandi Smile og kom með þá hugmynd að þeir Brian og Roger stofnuðu saman hljómsveitina Queen. Hápunktur myndarinnar er síðan Live Aid-tónleikarnir í júlí 1985 en frammistaða Queen á þeim hefur síðan margoft verið valin og nefnd besta tónleikaframmistaða rokksveitar fyrr og síðar ...



Það er Rami Malek sem leikur Freddie Mercury og þykir gera það listavel eins og reyndar þeir Joseph Mazzello, Gwilym Lee og Ben Hardy í hlutverkum félagans hans í Queen, Johns Deacon, Brians May og Rogers Taylor, en þeir Brian og Roger eru meðframleiðendur myndarinnar og sinntu ráðgefandi hlutverki við gerð hennar.


Bohemian Rhapsody

Sannsögulegt / Tónlist




Aðalhlutverk: Rami Malek, Joseph Mazzello, Gwilym Lee, Ben Hardy, Lucy Boynton, Mike Myers, Aidan Gillen og Tom Hollander
Leikstjórn: Bryan Singer **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóin Álfabakka og Egilshöll og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 2. nóvember



Veistu svarið?

Þótt Freddie Mercury hafi talist breskur var hann fæddur í Zanzibar (sem nú er hluti af Tanzaníu) í Afríku árið 1946. Margir vita að hann hét í raun Farrokh Bulsara, en færri vita kannski að hann gaf eitt sinn út lag undir þriðja nafninu. Hvert var það?



Larry Luxe

Punktar

- Við gerð *Bohemian Rhapsody* var lögð mikil áhersla á að endurskapa andrúmsloftið í London á áttunda áratugnum þegar Queen var stofnuð og eru sviðsmyndirnar t.d. mjög nákvæmar eftirlíkingar af innviðum hljóðupptökuveranna þar sem tónlistin var tekin upp svo og allra staðanna sem Queen spilaði á á upphafsárum sínum.
- Í myndinni heyrast að sjálfsgöðu mörg af þekktustu lögum Queen, en á meðal þeirra laga sem Freddie Mercury samdi má nefna *Don't Stop Me Now*, *Crazy Little Thing Called Love*, *Bicycle Race*, *Killer Queen*, *Love of My Life*, *We Are the Champions*, *Somebody to Love*, *It's a Hard Life* og mörg fleiri auk titillags myndarinnar, *Bohemian Rhapsody*.





Nú getur þú borgað með símanum



Með kortaappi Landsbankans getur þú greitt fyrir vörur og þjónustu um allan heim í posum með snertilausri virkni. Nánar um appið á landsbankinn.is/kortaapp.



Trúðu þínum eigin augum

Þegar hin unga og móðurlausa Clara fær jólagjöfina frá guðföður sínum Drosselmeyer grunar hana ekki að gjöfin muni leiða hana á vit stórkostlegra ævintýra í fjórum hliðarheimum, Snjókornalandi, Blómalandi, Sælgætislandi og svo fjórða landinu þar sem hin illviljaða rauða móðir býr og hefur öll völd.

The Nutcracker and the Four Realms sækir efniviðinn í bókina *Hnotubrjóturinn og músakóngurinn* (*Nussknacker und Mausekönig*) eftir þýska rithöfundinn E. T. A. Hoffmann sem skrifaði hana árið 1816. Sagan var síðan endurskrifuð af Alexandre Dumas árið 1844 og það var einmitt eftir þeirri útgáfu, tæplega hálfri öld síðar, sem þeir Marius Petipa og Lev Ivanov sömdu ballettinn fræga, *Hnotubrjótinn*, við hina tilkomumiklu og fögru tónlist Tsjaikovskíjs.

Þetta mikla og skemmtilega jólaævintýri er hér uppfært af Disney-kvikmyndafyrirtækinu og tilheyrir myndaflokknum sem hófst árið 2014 með myndinni *Maleficent* og hefur síðan verið fram haldið með myndum eins og *Öskubusku*, *Friðu og dýrinu*, *Lísu í Undralandi* og *Skógarlífi*, þar sem leiknum persónum og teiknuðum er blandað saman með nýjustu kvikmyndataekni. Útkoman er sannkölluð töfra- og ævintýraveröld sem heillar áhorfendur upp úr skónum ...



Aðalpersóna sögunnar, Clara, er leikin af hinni 17 ára Mackenzie Foy.

The Nutcracker and the Four Realms

Ævintýri

9 99 mín

Aðalhlutverk: Mackenzie Foy, Keira Knightley, Helen Mirren, Morgan Freeman, Jack Whitehall, Matthew Macfadyen, Richard E. Grant, Eugenio Derbez og Ellie Bamber **Leikstjórn:** Lasse Hallström og Joe Johnston **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Háskólabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhúsið Selfossi, Eyjabíó, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumskýnd 2. nóvember



Helen Mirren leikur rauðu móðurina sem þráir meiri völd en hún hefur.

Veistu svarið?

Sú sem leikur Clöru, Mackenzie Foy, á þrátt fyrir ung-an aldur tíu ára leikferil að baki. Hún lék m.a. hina 10 ára Murph sem var dóttir persónu sem Matthew McConaughey lék í frægri mynd árið 2014. Hvaða mynd?



Interstellar

Punktar

- *Hnotubrjóturinn* er eins og flestir vita einhver frægasti og mest uppsetti ballett allra tíma og um leið einhver vinsælasta jólasaga sem skrifuð hefur verið enda er ballettinn ætíð sýndur í kringum jólahátíðina. Það má því til sanns vegar færa að *The Nutcracker and the Four Realms* sé ekki bara ævintýri sem fólk á öllum aldri kann að meta heldur er hún um leið fyrsta jólamynd kvikmyndahúsanna í ár.



Keira Knightley leikur sykurplómuálfkonuna og þeir Richard E. Grant og Eugenio Derbez leika þá herra Shiver og herra Hawthorne.



Láttu óttann ekki yfirbuga þig

Overlord hefst á D-deginum svokallaða, 6. júní 1944, þegar Bandamenn gerðu innrás í Normandy. Dagskipun sveitar fallhlífarhermanna, sem er ætlað að kasta sér út handan víglínunnar og gera einn af fjarskiptaturnum Þjóðverja óvirkan, fer fyrir lítið þegar flugvél þeirra er sprengd í tætlur. Flestir hermanna fara en þeirra sem lifa af bíður enn erfiðari raun.

Stríðs- og stórspennumyndin Overlord er í leikstjórn Julius Avery sem sendi síðast frá sér hina þrælgóðu mynd Son of a Gun árið 2014. Í þetta sinn vinnur hann með framleiðandanum J.J. Abrams og færir okkur verulega hrollvekjuskotna mynd sem fengið hefur mjög góða dóma þeirra sem kunna að meta slíkar myndir. Eftir magnað upphafsatriði erum við stödd handan víglínu Þjóðverja þar sem nokkrir af hermönnum, sem náðu að henda sér út í fallhlíf þegar flugvélin hrapaði, koma niður heilir á húfi. Þeirra skylda er að ljúka verkinu sem þeim var falið, þ.e. að eyðileggja einn af fjarskiptaturnum Þjóðverja í litlum bæ þar sem allt er krökkt af nasistum. Útlitið er því ekki gott fyrir okkar menn og ekki skánar það þegar þeir og bandamenn þeirra uppgötva hús í bænum þar sem efnatilraunir Þjóðverja hafa skapað nýja tegund af blóðþyrstum uppvakningum ...



Overlord hefst á frábæru hasaratriði þegar flugvél fallhlífarhermannanna verður fyrir kúlnahrið með þeim afleiðingum að hún hrapar.

Overlord

Stríð / Tryllir



Aðalhlutverk: Jovan Adepo, Wyatt Russell, Mathilde Ollivier, Pilou Asbæk, Jacob Anderson, Dominic Applewhite, Iain De Caestecker, John Magaro og Bokeem Woodbine **Leikstjórn:** Julius Avery **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhúsið Selfossi, Eyjabíó, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumskýnd 9. nóvember



Wyatt Russell leikur hermanninginn Ford sem hefur séð það svart áður.

Veistu svarið?

Wyatt Russell, sem leikur eitt aðalhlutverkið í myndinni, hóf leikferil sinn aðeins tíu ára gamall árið 1996 og hefur leikið í mörgum myndum. Hann á ekki langt að sækja leiklistarhæfileikana enda sonur heimsfrægra leikara. Hver eru þau?



Kurt Russell og Goldie Hawn.

Punktur

• Sagan í myndinni er eftir leikstjórnann og framleiðandann J.J. Abrams (*Super 8*, *Star Trek into Darkness*, *Star Wars: The Force Awakens*, *10 Cloverfield Lane*, *Mission Impossible: Fallout*) og Billy Ray sem skrifaði m.a. handrit myndanna *Flightplan*, *State of Play* og *Captain Phillips*. Billy tók síðan að sér að skrifa handritið að *Overlord* ásamt Mark L. Smith sem á m.a. að baki handritin að *Vacancy*, *The Hole* og Óskarsverðlaunamynd Alejandro G. Iñárritu *The Revenant*.



Mathilde Ollivier sem franska andspyrnukonan Chloe og Jovan Adepo sem hermaðurinn Boyce í einu af háspennuatriðum myndarinnar.



Fortíðin gleymir engu

Þau Lisbeth Salander og blaðamaðurinn Mikael Blomkvist snúa aftur í bíó 9. nóvember og takast nú á við flókið glæpamál og ráðgáta þar sem miskunnarlausir morðingjar, tölvuhakkarar, og spilltir útsendarar yfirvalda koma við sögu ásamt tvíburasystur Lisbeth sem reynist hennar erfðasti andstæðingur.

The Girl in the Spider's Web er gerð eftir fjórðu bókinni um þau Lisbeth Salander og Mikael Blomkvist en hún kom út árið 2015 og er eftir rithöfundinn David Lagercrantz sem var fenginn til að halda áfram með söguna um þessar persónur sem Stieg Larsson skapaði í bókunum *Karlar sem hata konur*, *Stúlkan sem lék sér að eldinum* og *Loftkastalinn sem hrundi*, áður en hann féll frá árið 2005. Bókin, sem heitir á sænsku *Det som inte dödar oss* og þykir afar góð, kom út í íslensku þýðingu Höllu Kjartansdóttur undir heitinu *Það sem ekki drepur mann*. Við förum ekki nánar út í söguþráðinn hér af tillitssemi við þá sem hafa ekki lesið bókina enda er sagan uppfull af óvæntum atburðum og fléttum sem langskemmtilegast er að láta koma sér á óvart ...



The Girl in the Spider's Web

Spenna / Hasar / Ráðgáta



Aðalhlutverk: Claire Foy, Sverrir Guðnason, LaKeith Stanfield, Sylvia Hoeks, Stephen Merchant, Claes Bang, Christopher Convery, Synnøve Macody Lund og Vicky Krieps **Leikstjórn:** Fede Alvarez
Bíó: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóið Kringlunni og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 9. nóvember



Myndin var að stórum hluta tekin upp í Stokkhólmi og nágrenni.

Veistu svarið?

Enska leikkonan Claire Foy hefur leikið í ýmsum myndum, þ. á m. eiginkonu Neils Armstrong í *First Man*. Segja má þó að hún hafi vakið einna mesta athygli í sjónvarpsþáttunum *Upstairs Downstairs* og sem Elízabet drottning í sjónvarpsþáttunum ...?



The Crown



Enska leikkonan Claire Foy hefur nú tekið við hlutverki Lisbeth Salander.

Punktar

- Með hlutverk Lisbeth í þetta sinn fer enska leikkonan Claire Foy og í hlutverki Mikael er nú Íslendingurinn Sverrir Guðnason sem síðast túlkaði Björn Borg snilldarlega í myndinni *Borg McEnroe*. Um leikstjórnina sá hins vegar Fede Alvarez sem gerði m.a. myndina *Evil Dead* og sendi síðast frá sér spennutryllinn magnaða, *Don't Breathe*.
- Þess má geta að til stendur að kvikmynda fimmtu bókina, *Mannen som sökte sin skugga*, en hún nefnist á ensku *The Girl Who Takes an Eye for an Eye* og *Stúlkan sem gat ekki fyrirgefið* í íslensku þýðingu.



Sverrir Guðnason leikur helsta bandamann Lisbeth Salander, blaðamanninn Mikael Blomkvist, sem glímir líka við sín eigin vandamál.




Er maginn í steik?

Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fánlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Omeprazol Actavis, 20 mg magasýrupólin hörð hylki, innihalda virka efnið ómeprazol sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast „prótónpumpuhemlar“ og verka með því að draga úr sýruframleiðslu magans. Omeprazol Actavis er ætlað til notkunar hjá fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit). Lyfið er ætlað til inntöku og er mælt með því að hylkin séu tekin að morgni, fyrir máltíð (svo sem morgunverð) eða á fastandi maga. Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni. Hylkin má hvorki tyggja né mylja. Þetta er vegna þess að hylkin innihalda húðuð korn sem hindra niðurbrot lyfsins í magasýrunni. Mikilvægt er að skemma ekki kornin. Ráðlagður skammtur er eitt 20 mg hylki eða tvö 10 mg hylki einu sinni á sólarhring í 14 daga. Hafðu samband við lækni ef einkennin hafa ekki horfið á þessum tíma. Nauðsynlegt getur verið að taka hylkin í 2-3 daga samfelld áður en einkennin réna. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.** Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is



Sígilt jólaævintýri í nýjum búningi

Hin sígilda saga dr. Seuss um ótuktina Trölla sem ákvað að stela jólunum frá íbúum Hver-bæjar kemur í bíó 9. nóvember í ferskum og mjög myndum búningi teiknimyndafyrirtækisins Illumination sem gerði m.a. *Aulinn ég-myndirnar*, myndina vinsælu um litlu gulu *Skósvéinana*, *Syngdu* og *Leynilíf gæludýra*.

Munaðarleysinginn Tröllli býr ásamt hundinum sínum Max í helli á toppi fjalls fyrir ofan Hver-bæ sem eitt sinn var heimabær hans og lætur það fara alveg sérstaklega í taugarnar á sér þegar íbúar bæjarins skreyta fyrir jólin, kaupa gjafir, syngja og gleðjast. Hann ákveður því að taka til sinna ráða, læðast inn í bæinn að næturlagi og hreinlega stela öllum gjöfunum og skreytingunum þannig að íbúarnir ná ekki að halda upp á jólin og verði jafnfúllyndir og hann er sjálfur. Það sem hann gleymir að reikna með er að þótt hann geti stolið því efnislega sem tengist jólunum getur hvorki hann né nokkur annar stolið jólagleðinni sjálfri. Og hvað gerir Tröllli þá?

Myndin verður sýnd með íslensku og ensku tali en þar talar Benedict Cumberbatch fyrir Trölla. Á meðal annarra sem ljá persónunum raddir sínar í ensku talsetningunni eru Angela Lansbury, Rashida Jones, Kenan Thompson, Cameron Seely og Pharrell Williams.



Grinch

Teiknimynd

6

90 mín

Íslensk talsetning: Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Selma Rún Rúnarsdóttir, Jón Jónsson, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Ívan Rökkvi Elíasson, Ævar Þór Benediktsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Þorsteinn Ari Þorsteinsson, Hálf dán Helgi Matthíasson og Rakel María Gísladóttir
Leikstjórn: Selma Björnsdóttir **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Álfabakka, Egilshöll og Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 9. nóvember



OLZA
PRINCE POLO
od 1955 roku



Coke & Prince
Þjóðarréttur Íslendinga í meira en 60 ár

Örlög eins eru örlög allra

Þegar galdramaðurinn og ógnvaldurinn Gellert Grindelwald sleppur úr haldi og byrjar að safna liði til að geta komið valdasjúkum áformum sínum í framkvæmd fær Albus Dumbledore Newt Scamander til að fara í málið ásamt vinum sínum því fyrirætlanir Gellerts verður að stöðva – hvað sem það kostar.

Það bíða sjálfsgat margir eftir að sjá þessa aðra mynd úr *Fantastic Beast*-myndaflökknum, en hann er eins og flestir vita höfundarverk rithöfundarins J. K. Rowling sem samdi *Harry Potter*-bækurnar. Þessi nýja mynd gerist nokkrum árum eftir atburði fyrstu myndarinnar sem var frumsýnd fyrir tveimur árum og við hittum á ný allar helstu persónur hennar auk margra nýrra, bæði bandamenn Albusar og Newts Scamander svo og þá sem fylgja Gellert Grindelwald að málum, en hann ætlar sér ekki bara yfirráð yfir veröld galdrana heldur einnig yfir veröld manna. Línur eru dregnar á milli þessara fylkinga en það er ekki fyrr en valdabaráttan hefst fyrir alvöru sem í ljós kemur hverjum er hægt að treysta og hverjum ekki ...



Fantastic Beasts: The Crimes of Grindelwald

Ævintýri / Galdrar



Aðalhlutverk: Eddie Redmayne, Katherine Waterston, Dan Fogler, Johnny Depp, Jude Law, Alison Sudol, Ezra Miller, Zoë Kravitz og Callum Turner **Leikstjórn:** David Yates **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Smárabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhúsið Selfossi, Eyjabíó, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumskýnd 16. nóvember



Johnny Depp í hlutverki sínu sem ógnvaldurinn Gellert Grindelwald.

Veistu svarið?

Hinn mikli galdramaður Albus Dumbledore er hér leikinn af Jude Law og er sennilega eina persónan sem enn hefur sést í *Fantastic Beast*-myndunum sem var líka ein af aðalpersónunum í *Harry Potter*-myndunum. Hvaða tveir leikarar léku hann í þeim?



Richard Harris og Michael Gambon.



Katherine Waterston og Eddie Redmayne leika á ný þau Tinu Goldstein og Newt Scamander sem nú þurfa að taka á öllu sem þau eiga.

Punktur

- Eins og margir vita eigum við Íslendingar dálítið í þessari mynd því þeir Ólafur Darri Ólafsson og Ingvar Eggert Sigurðsson leika í henni persónur sem heita Skender og Grimmson. Við hér á Myndum mánaðarins vitum lítið meira um þessar persónur eða hvaða áhrif þær hafa á söguna og bíðum eins og aðrir spennt eftir að uppgötva það. Þess má geta að Ingvar sést í einni stiklunni en ekki Ólafur.

- Eins og í fyrstu myndinni er það David Yates sem leikstýrir en hann leikstýrði einnig *Harry Potter*-myndunum *Order of the Phoenix*, *The Half-Blood Prince* og *Deathly Hallows 1* og *2*. David mun einnig leikstýra næstu þremur *Fantastic Beast*-myndunum sem áætlað er að frumsýna á tveggja ára fresti héðan í frá, þ.e. 2020, 2022 og 2024.




Jude Law leikur Albus Dumbledore, læriföður Newts Scamander.

KAUPTU 3 ÓKEYPIS Í 4 MÁNUÐI DÓSIR OG FÁÐU STREYMI ÚRVALSTÓNLISTAR DEEZER



18+. Taktu þátt frá 04.06.2018 til 28.02.2019. Kaupu 3 kynningardósir til að fá 4 mánuði af Deezer Premium+ frítt. Innleysa verður Deezer-kóða fyrir 28.02.2019. Nota verður gilt debet- eða kreditkort. Fullt mánaðargjald fyrir Deezer Premium+ verður skuldfært sjálfkrafa nema þú segir ákriftinni upp í lok 4 mánaða tímabilsins. Núverandi notendur Deezer Premium+ geta ekki tekið þátt. Er ekki hægt að nota ef notandinn hefur þegar sótt ókeypis prufu eða eitthvert annað kynningartilboð. Einn á mann að hámarki. Finna má alla skilmála sem gilda um þátttöku á Pringles.com.



Vörn í sókn

Þrjár konur sem eiga það sameiginlegt að hafa orðið ekkjur þegar eiginmenn þeirra voru drepnir við ránstíltraun sjá sína sæng uppreidda þegar glæpaforinginn Jamal Manning krefur þær um milljónir dollara sem hann segir að eiginmenn þeirra hafi skuldað sér. En í stað þess að leggja árar í bát og verða við kröfum Jamals ákveða konurnar að snúa vörn í sókn með aðstoð fjórðu konunnar sem einnig skuldar Jamal fúlgur fjár.

Widows er fjórða bíómynd hins virta leikstjóra og handritshöfundar Steves McQueen sem hlaut Óskarsverðlaunin fyrir mynd sína *12 Years a Slave* árið 2014 eftir að hafa gert hinar rómuðu og margverðlaunuðu myndir *Hunger* (2008) og *Shame* (2011). Í þetta sinn sækir hann efniviðinn í samnefnda sex-þátta sjónvarpsmynd frá árinu 1983 og hefur eins og áður fengið í lið með sér stóran hóp gæðaleikara sem sagðir eru fara allir sem einn á kostum. Þetta er mynd sem enginn kvikmyndaunnandi ætti að láta fram hjá sér fara.



Konurnar fjórar sem ákveða að taka málin í sínar hendur þegar eiginmenn þeirra skilja þær eftir stórskuldugar eru leiknar af þeim Elizabeth Debicki, Viola Davis, Michelle Rodriguez og Cynthia Erivo.

Widows

Spennudrama / Hasar



Aðalhlutverk: Viola Davis, Michelle Rodriguez, Elizabeth Debicki, Liam Neeson, Colin Farrell, Robert Duvall, Cynthia Erivo, Brian Tyree Henry og Daniel Kaluuya **Leikstjórn:** Steve McQueen **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóíð Kringlunni og Borgarbíó Akureyri

Frumnýnd 23. nóvember



Colin Farrell leikur stjórnámamanninn Jack Mulligan í *Widows*.

Veistu svarið?

Eins og kemur fram í kynningunni hér á síðunni á leikstjórninni Steve McQueen þrjár bíómyndir að baki, en þær eiga það líka sameiginlegt að hafa allar skartað sama fræga leikaranum í einu af aðalhlutverkunum. Hver er það?



Michael Fassbender

Punktur

- ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *CineVue*
- ★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Screen*
- ★★★★1/2 - *The Hollywood Reporter* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair*
- ★★★★1/2 - *Guardian* ★★★★★1/2 - *The Playlist* ★★★★★1/2 - *Variety*

• *Widows* var sýnd á nokkrum kvikmyndahátíðum í október og hefur verið hlaðin lofi þeirra gagnrýnenda sem séð hafa. Hún er þegar þetta er skrifað með 8,8 í einkunn á Metacritic, 8,6 á Rotten Tomatoes og 7,1 frá tæplega 700 notendum IMDb.com og spá margir henni jafnvel nokkrum tilnefningum til Óskarsverðlauna.



Þeir Daniel Kaluuya og Brian Tyree Henry leika glæpamennina Jatemme og Jamal sem ætla sér að innheimta skuld kvennanna.



Creed II

Drama / Hnefaleikar

Aldurstakmark og lengd ekki fyrirleggjandi fyrir prentun.

Aðalhlutverk: Michael B. Jordan, Sylvester Stallone, Tessa Thompson, Dolph Lundgren, Florian Munteanu, Phylicia Rashad og Milo Ventimiglia
Leikstjórn: Steven Caple Jr. **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhúsið Selfossi, Eyjabíó, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumskýnd 30. nóvember



Andstæðingur Adonis í þetta sinn er tröllíð Viktor Drago, sonur Ivans Drago, en hann er leikinn af hnefaleikamanninum Florian Munteanu.

Veistu svarið?

Creed II gerist 33 árum eftir að þeir Apollo Creed, faðir Adonis, og Ivan Drago, faðir Viktors, börðust í hringnum með þeim afleiðingum að Apollo lét lífið. En í hvaða mynd gerðist það?



Rocky IV

Barist til síðasta dropa

Hinn nýkrýndi heimsmeistari í léttþungavigt í hnefaleikum, Adonis Creed, snýr aftur í hringinn, þvert á ráðleggingar Rockys Balboa, þegar hinn rússneski Viktor Drago skorar á hann, en Viktor er sonur Ivans Drago sem sigraði föður Adonis, Apollo Creed, fyrir rúmum 30 árum og banaði honum um leið.

Creed II er, eins og allir sem fylgjast með kvikmyndum vita og heitið ber með sér, framhald gæðamyndarinnar Creed sem var frumsýnd 2015 og hlaut fjölda verðlauna, þ. á m. Golden Globe-verðlaunin fyrir leik Sylvesters Stallone í hlutverki Rocky Balboa, 40 árum eftir að hann lék hann fyrst í Óskarsverðlaunamyndinni Rocky. Um leið er Creed II í raun áttunda myndin í Rocky-kvikmyndaseríunni.

Í þetta sinn snýr gamall andstæðingur Rockys til baka, hinn rússneski Ivan Drago (Dolph Lundgren) sem Rocky hafði tekist að sigra eftir að hann hafði orðið vini Rockys og fyrrverandi heimsmeistara, Apollo Creed, að bana í hringnum. Með í för er sonur Ivans, Viktor Drago, sem hefur skorað á Adonis Creed, son Apollos, í bardaga, og er bersýnilega staðráðinn í að ganga frá honum í eitt skipti fyrir öll ...



Michael B. Jordan snýr aftur sem heimsmeistarinn í léttþungavigt, Adonis Creed, sem nú ætlar að berjast við sinn erfiðasta andstæðing til þessa, hinn ofursterka og ósigraða Viktor Drago.

Punktur

- Leikstjóri myndarinnar er Steven Caple Jr. sem fyrir utan nokkrar verðlaunastuttmyndir á að baki bíómyndina *The Land* sem m.a hlaut Black Reel-kvikmyndaverðlaunin í fyrra fyrir handrit Stevens.
- Ryan Coogler, sem leikstýrði fyrri Creed-myndinni, snýr aftur sem framleiðandi þessarar myndar og skrifaði einnig handritið ásamt Sylvester Stallone og Juel Taylor.



Rocky Balboa, sem Sylvester Stallone leikur hér á ný, gerir að sjálf-sögðu sitt besta í að undirbúa Adonis undir bardagann mikla.



Næstum því sönn saga

The Old Man & the Gun er lauslega byggð á sögu bankaræningjans Forrests Tucker sem var fyrst dæmdur í fangelsi 15 ára gamall en náði að flýja átján sinnum úr fangelsi (í rúmlega 30 flóttatilraunum) og tók ætíð strax upp sína fyrri uppáhalds-iðju, þ.e. bankarán – þangað til honum var stungið inn aftur.

Sagan um Forrest Tucker er hér sögð á gamansaman hátt og gerist að mestu eftir að hann flýr á ótrúlegan hátt úr San Quentin-fangelsinu. Forrest, sem virtist ekki síður njóta þess að láta lögregluna elta sig en að ræna banka, tekur þegar upp fyrri iðju og er fljótlega orðinn einn eftirlýstasti maðurinn í landinu. En Forrest hefur bara gaman af því, staðráðinn í að ræna enn fleiri banka ...



Sissy Spacek og Robert Redford í hlutverkum sínum sem þau Jewel og margdæmði bankaræninginn og flóttamaðurinn Forrest Tucker.

The Old Man & the Gun

Gamandrama / Sannsögulegt



Aðalhlutverk: Robert Redford, Casey Affleck, Sissy Spacek, Danny Glover, Tom Waits, Tika Sumpter og Ari Elizabeth Johnson **Leikstjórn:** David Lowery **Bíó:** Háskólabíó

Frumnýnd 30. nóvember



Tom Waits leikur Waller, vin og vitorðsmann Forrests Tucker.

Veistu svarið?

Robert Redford, sem hér með er sestur í helgan stein, er margverðlaunaður og hlaut m.a. tvönn Óskarsverðlaun á ferlinum, annars vegar fyrir framlag sitt til kvikmyndanna árið 2002 og hins vegar árið 1981 fyrir leikstjórn á ... hvaða mynd?



Ordinary People

Punktar

★★★★★ - *Observer* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Variety*
 ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times*
 ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair* ★★★★★ - *IGN*
 ★★★★★ - *Entert. W.* ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *The Guardian*
 ★★★★★ - *Screen International* ★★★★★ - *The New Yorker*

• *The Old Man & the Gun* hefur verið sýnd á nokkrum kvikmyndahátíðum beggja vegna Atlantshafsins og hlotið afar góða dóma gagnrýnenda og áhorfenda. Hún er þegar þetta er skrifað með 8,0 í meðaleinkunn hjá Metacritic, 90% „fresh“ á Rotten Tomatoes og 7,4 í meðaleinkunn tæplega 1.900 notenda IMDb.com.

• Robert Redford, sem varð 82 ára í ágúst og á 58 ára feril að baki sem leikari, hefur látið hafa eftir sér að *The Old Man & the Gun* sé síðasta myndin sem hann leikur í og að hann hefði viljað ljúka ferlinum með léttari gamanmynd sem flestir gætu haft gaman af.



Casey Affleck leikur alríkislögreglumanninn John Hunt sem er á eftir Forrest Tucker en þykir jafnframt mikið til hans koma.



Ferðalag sem á engan sinn líka!

Sex ár eru liðin frá því að við hittum síðast hinn viðkunnalega Ralf sem nú lendir í nýjum ævintýrum ásamt vinkonu sinni, Vannellópu sykursætu, þegar bilun í leiktækjasalnum þar sem þau vinna verður til þess að þau fara í ferðalag á Internetinu!

Ralf rústar Internetinu, nýjasta myndin frá Disney, þykir stórkostleg skemmtun frá upphafi til enda. Fyrir utan ævintýrin sem þau Ralf og Vannellópa sykursæta lenda í á ferðalaginu hitta þau fjölmarga merka karaktera og líka persónur úr öðrum þekktum ævintýrum eins og Mjallhvíti, Fríðu, Öskubusku, Þyrnirós, Elsu, Jasmín, Múlan, Pocahontas, Ariel, Groot, C3PO, Bósa ljósár, Eyrnaslapa og fleiri.

Myndin er talsett á íslensku af landsliði íslenskra leikara og verður einnig sýnd á ensku þar sem þau John C. Reilly, Sarah Silverman, Gal Gadot, Kristen Bell, Mandy Moore, Alan Tudyk, Idina Menzel, Alfred Molina og margir fleiri ljá persónunum raddir sínar. En hvort sem fólk kys að sjá íslensku eða ensku útgáfuna er óhætt að lofa því að *Ralf rústar Internetinu* er afar myndin og fjörug skemmtun fyrir alla.



Ralf rústar Internetinu

Teiknimynd

L

Íslensk talsetning: Hjálmar Hjálmarsson, Vigdís Pálsdóttir, Íris Tanja Flygenring, Salka Sól Eyfeld, Ævar Þór Benediktsson, Bergur Ingólfsson, Selma Björnsdóttir, Álfrún Örnólfsdóttir, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Björgvin Franz Gíslason, Þórhallur Sigurðsson og fleiri
Leikstjórn: Rósa Guðný Þórsdóttir **Bió:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Smárabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhúsið Selfossi, Eyjabíó, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumskýnd 30. nóvember

